

139 kvæmt skipulagsskránni. Stutt greinargerð frá þeim um hag sjóðsins, sé síðan birt 26. júlí í einu eða fleiri blöðum í Reykjavík.

13. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

140

29. júlí

AUGLÝSING

um breyting á fyrirmælum nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

5. gr. fyrirmælanna orðist þannig:

Hver sá, er flytur nýtt, kælt eða frosið kjöt til sölu, í kaupstaði þá eða kaup-tún, sem um ræðir í 3. og 4. gr., og sem ekki hefir áður verið skoðað og merkt lögum samkvæmt, skal skyldur til að leggja það fram til skoðunar og merkingar á þeim stað, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Skal hann greiða gjald fyrir skoðun, merkingu og húsnæði til skoðunar-innar, sem eigi fari fram úr því, er hér segir, fyrir hvern skrokk:

Af nautgripum og hrossum með	50 kg kjötpunga og þar yfir		kr. 2.00
— — — — —	30—50 —		— 1.00
— — — — —	minni kjötpunga		— 0.50
— svinum með 50 kg kjötpunga og þar yfir		—	2.00
— — — minni kjötpunga		—	1.00
— sauðfé og geitum		—	0.08

Gjald þetta skiptist að hálfu milli læknis þess, er skoðunina annast og þess, er húsnæði leggur til, nema að því er tekur til sauðfjár og geita, þar skal greiða lækninum kr. 0.05 og þeim er leggur til húsnæði kr. 0.03.

Þar sem kjötskoðun fer fram í sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum ofangreindr-ar reglugerðar og atvinnurekandi leggur til sjálfur, skal gjald til læknis þess, er skoðun og merkingu annast, vera sama og hann fær fyrir skoðun á öðru kjöti, sem sé ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern skrokk af nautgripum, hrossum og svinum, en 5 aurar fyrir hvern kindarskrokk eða geitarskrokk.

Fyrirmæli þessi staðfestast hér með, samkvæmt lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 29. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.